

# SAMELAGIÐ

BLAÐ VESTMANNAEYINGA Í DREIFINGUNNI



# FYLGHT ÚR HLADI

Þetta blað, sem nú hefur göngu sína á brýnt erindi við okkur alla Vestmannaeyinga og því brýnna sem við erum dreifðir um allar jarðir. Við, sem fram til örlaganæturinnar hins 23. jan. s.l. höfðum verið eitt bæjarfélag, vorum á einu andartaki slitin, upp með rótum. Við urðum að yfirgefa áttþaga og eignir, segja skilið við ævistarf og slá striki yfir allar áætlanir um verklegar framkvæmdir í byrjun vertíðar og um nána framtíð.

Þótt segja megi um okkur Vestmannaeyinga, eins og reyndar um alla menn, að svo sé margt sinnið sem skinnið, eigum við engu að síður eitt sameiningartákn, sem auðkennir okkur afdráttarlausar en flest önnur byggðarlög á landi hér, en það er rótgróin samfélagskennd, sem byggist á aldagamalla og áhættusamri lífsbaráttu og rótgrónum venjum og hugsunarhætti sjómannsins og sjómannskonunnar og gengið hefur í arf frá einni kynslóð til annarrar.

Með þessu er ekki sagt, að við séum alltaf sammála um allt, sem fyrir kann að koma í daglegu lífi. En það eitt að ræða málin frá öllum hliðum hrærir upp í fólki, skapar líf og vöxt, en aldrei kyrrstöðu. Það sýna hinar stórstígu framfarir og hið þróttuga athafalíf, sem löngum hefur gert þennan garð frægan og skapað hefur betri og jafnari efnalega velsæld en þekkt hefur annars staðar.

Þetta hefur ekki gengið átaka-laust, en áræði, kjarkur og þrek hefur brýnt menn til nýrra og æ stærri framkvæmda, er jafnan hafa reynzt samfélaginu til heilla. Þótt margir væru í fyrstu ugagnði um afdrif djarfra fyrirætlana, hefur komið á daginn undantekningalítið, að óhætt hefur reynzt að fylgja brautryðjendunum. Og þar sem traustið og samvinnuhugurinn stóðu saman um framgang og framtíð hinna mörgu framkvæmda, sem hér hafa orðið,

sannar okkur þróunarsaga hinna mörgu fiskiskipa og fiskvinnslustöðva. En þar sem samfélagskenndin og samstarfsviljinn var eindregnastur, hefur sigurinn jafnan orðið fljótverkastur og afdráttarlausastur.

Auðvitað skapaðist við þetta ýmis vandamál með óhjákvæmilegum deilum um skiptingu arðsins, sem oftast endaði á einn veg, að arðurinn af atvinnuvegunum skiptist milli atvinnurekanda og verkamanns, yfirmanna og undirgefina af meira réttlæti og skapaði meira samræmi í daglegu lífi bæjarbúa.

Aðstaðan til þess að geta lifað mannsæmandi lífi, geta séð sér og fjölskyldu sinni öruggan farborða, er vissulega sú réttlætishugsjón, sem mannlegt samfélag og samfélagshugsjón byggist á. Annars er allt út í hött, fálm eitt og firrur, svo að öll viðleitni til hamingju og heilla verður hver upp á móti annarri. En sjálfs er höndin jafnan hollust, þegar hún vinnur í gagnkvæmu trausti til meðbræðra og af þeirri sanngirni, sem þykist ekki vera í fullum rétti til að hrifsa til sín bróðurpartinn án tillits til hinna, enda verður maðurinn aldrei hamingjusamur nema hann miðli öðrum einhverju af sjálfum sér.

Atvinnuhættir okkar, sem að vísu eru að sumu leyti nokkuð einhæfir og miðast fyrst og fremst við öflun hráefna sjávarafurða, byggjast ófrávíkjanlega á þeim vinnuvísindum, sem varla er hægt að auðkenna með með öllu faglegra orði en því, sem við köllum KEÐJUVINNU.

Það liggur vissulega í augum uppi, hvað felst í slíkri vinnuhagræðingu. Hlýtur því að vera deginum ljósara, að hver vinnandi maður er hlekkur í uppbyggingu heils bæjarfélags, eða samfélags, eins og mér finnst réttast að kalla þetta skipulag. Það lifir ekki nema menn tengist í vinsemd hver gagnvart öðrum, hafi samúð með öðrum í raunum þeirra og samgleðjist þeim, þegar lífið ber þá á

höndum sér og allt baðar í rósum, því að samfélag okkar manna á að vera bræðralag — hópur systkina, þar sem hvert mannsbarn vill heiður og hamingju hinna sem mestan, svo að friður og eining geti ríkt.

Þá er grundvöllurinn tilbúinn til mannsæmandi lífsafkomu. Hver hefur nóg til að bíta og brenna, þak yfir höfuðið og aðstöðu til að búa sig og börn sín undir lífið og ævistarfið, svo að hver geti notið sín sem best og lendi á réttri hillu, því að þegar svo er komið, eru fleiri kosta vól en ella voru hverjum ábyrgum lífsþegni til frama og framtíðar.

Þótt ég dáist oft að því, hve við Vestmannaeyingar höldum vel saman, þá skal því ekki neitað, að oft hefur hlaupið snúðra á þráðinn í samfélagslegu tilliti og þá ýmislegt gerzt, sem betur hefði verið látið ógert. Samt sem áður má sjá greinileg merki eðlilegrar þróunar í félagsmálum, enda varla við öðru að búast. Ungu fólkið ólst upp við svipaðar aðstæður öld eftir öld og fram á þennan dag. Það þekkir hvert annað náði, gengur í sama skólann meðan það er í bernsku og á unglingsár-unum. Það leikur sér saman, býr yfir svipuðum áhugamálum um íþróttalíf og annan tómsundagaman, án tillits til stéttaskiptingar, sem mér virðist alveg úr sögunni. Hafi hún einhver verið fyrr á árum, þegar gerður var munur á þurrabúð og búskap jarðarbóndans, sem oftast var útvegsbóndi með heila áhöfn á sínum snærum og þjónustuliði, er það horfið nú.

En nú eru tímarnir breyttir í það form, að hver, sem leggur sig fram og sýnir einhvern manndóm, sem byggist á drengskap, dugnaði og karlmennsku, er hann ósjálfrátt aðlaður af almenningsálitinu, virtur og viðurkenndur af ungum sem gömlum.

Það er þetta samfélag, sem með öðrum og meiri sameiginlegum eðlis-einkennum stendur nú yfir rústum

sinna glæsilegu heimkynna. Margt er það á hrakningi og á hrakhólum með búslóð sína, og liggja þannig dýrir munir víða undir stórskemmdum. En samt lætur fólkið ekki bugast. Mér er samt nú orðið kunnugt um, að ekki einn einasti Vestmannaeyingur, að heitið geti, hefur komið sér svo vel fyrir, að jafnast á við það, sem hann áður bjó við. Allir búa við erfiðari kjör og finnst þeir ekki eiga heima, þar sem þeir eru — og flestir þrá að komast aftur heim í áttahagana, enda er ég ekki í vafa um, að hætti gosið nú, hefst viðreisnarstarfið þegar í stað og að minnsta kosti þrjár fjórðu íbúanna eru komnir heim til sín og byrjaðir að hreinsa í kringum húsinn sín fyrr en varir. Það er því lífssauðsyn fyrir okkur öll að halda hópinn, já, og breyta ekki til um lögheimili, en hafa núverandi heimili á „meginlandinu“ sem bráðabirgðadvalarstað.

Það er einmitt af þessari nauðsyn, sem við prestarnir höfum ákveðið að gefa út þetta litla blað. Við þurfum öll að halda hópinn. Og það sem meira er, okkur er SKYLT að halda hópinn. Þess vegna höfum við látið markmiðið speglast í fyrirsögninni. Samfélagið um Landakirkju hefur jafnan verið sterkt, enda hef ég óvída fundið almennig af jafn óskiptum huga bera virðingu fyrir kirkju sinni eins og Vestmannaeyinga. Landakirkja er því sterkur þáttur í lífi okkar Eyjaskeggja, og enginn megnar betur að skerpa skilning okkar á nauðsyn þess að standa trúan vörð um öryggi samfélags okkar.

Nóttina, sem við neyddumst til að hverfa að heiman eins og flóttafólk í friði næturinnar, voru það fleiri en sjálfir íbúarnir, sem urðu að flýja. Það voru einnig skipin okkar. Það munar um minna en það, að um áttatíu skip verða á einni svipstundu heimilislaus. Þessum skipum hefur orðið að hola niður í hafnir Suðurlands, þar sem alls staðar var þó fullsetinn hver bryggjuspordur og allt

annað eftir því, svo sem eins og húsrými, þar sem bátarnir geta athafnað sig. Það var einungis góður vilji heimamanna sjálfra, sem leysti mestu vandræðin. En það, hvernig almennigur hér í landi kom fram við okkur með nóg af hjartarúmi og hlýjan faðm, er eitt af því stórkostlegasta undur samfélagslegs þroska, sem aldrei verður fullþakkað. Og sannaðist það hér, að ber er hver að baki, nema sér bróður eigi.

Í þessu felast sterkustu rökin fyrir því, að okkur er skylt að halda saman sem eitt bæjarfélag, sem við getum kallað bæjarfélag, því að senn kemur að því, þótt einhver bið kunnir að verða á, að við flytjum aftur heim, strax og Eyjan okkar verður byggileg á ný.

En fari svo, að slíkur óskadraumur eigi langt í land, eða rætist ekki, þá verðum við að setjast þar að, sem fiskiskipin okkar geta átt heimahöfn. Þá er ljóst, að við verðum að byggja nýjan kaupstað frá grunni ásamt höfn og hafnarmannvirkjum að ógleymdum fiskvinnslustöðvunum og atvinnutækjunum, sem tímarnir krefjast hvert sinn.

Það er augljóst mál, að ekki er hægt til lengdar að hola niður fimm til sex þúsund manns eins og þurfalíngum. Og skipin okkar, sem aflag hafa fimmta eða fjórða hluta af útflutningsmagni þjóðarinnar í sjávarafurðum, þurfa vissulega rúmt afhafnasvæði. En allur þessi floti þarf á miklu þjónustuliði að halda og þá er nú líka auðvelt að reikna út, hversu mannmargt það lið þarf að vera. Niðurstaða þess reikningsdæmis verður þessi: Við þurfum að byggja bæ fyrir fimm til sex þúsund manns, eins og var fyrir gosið.

Allir hljóta að sjá, að safnist á slíkan stað fólk, hvaðanæva að, sem aldrei hefur saman verið né saman starfað, hlýtur slíkt bæjarsamfélag að vera mjög laust í reipunum. Það hefði ekkert til að byggja á, ekkert félagslíf, sem sækir innihald og

kjarna til sameiginlegra minninga og knýr menn til samstöðu og samfélags. En höldum við hins vegar saman vel og dyggilega, munum við aftur vakna til lífsins og okkar sjálfra og strjúka úr augum „harm og sár þess horfna“. Þá munum við samfagna nýjum degi, sem skipar okkur í raðir nýrra brautryðjenda, nýrra uppbyggjenda — uppalenda nýrra tíma, nýrrar kynslóðar með nýja drauma, búa í okkar eigin landi, sem tengist okkur enn sterkari böndum sem við höfum orðið reynslunni ríkari, mótuð af hamförum náttúrunnar, mótuð af margvíslegri vinsemi og einlægri samúð meðbræðra og systra. En þetta gefur okkur hið mikla traust til lands og þjóðar, sem öllum er nauðsynlegt að eiga og er undirstaða að trú okkar á framtíðinni.

Lifi samfélagið — lifi samfélag okkar Vestmannaeyinga, til þess hjálpi okkur Guð og gefi okkur farsæld og framtíðarheill.

**Þorsteinn L. Jónsson.**

# ÁVARP

Kristur er upprisinn, Kristur lifir! Með sigurorði páskanna heilsar þetta nýja blað lesendum sínum. Ég fagna útkomu þess og þakka það framtak að hrinda því af stað. Því er ætlað að styrkja innbyrðis samfélag hinna dreifðu barna Landakirkju í Vestmannaeyjum. Megi það verða aufúsugestur heimilanna og færa öllum, sem fá það í hendur, styrk og birtu frá ríki upprisunnar og lífsins.

Hervirki dauðans eru augljós og áþreifanleg. Greipar hans hafa verið stórvirkar á þessum vetri. Og hann lætur eftir sig rústir, tár og sár.

Börn Vestmannaeyja hafa um aldirnar háð baráttu við válynd veður og ólmar öldur. Í því stríði hafa margar fórnir verið færðar. Þar hafa líka verið unnir sigrar, kunnir og ókunnir. Mestir voru þeir sigrarnir, þegar hljóður, blýþungur harmur í veikum barmi hvarf á flóttu fyrir sefandi rödd hins upprisna: Óttast

ekki, grát þú eigi, minn frið gef ég þér.

Ef steinarnir í Landakirkjugarði mættu mæla og ölduníðurinn yfir hinum mörgu, votu gröfum fengi mál, þá myndi þaðan berast margur, sterkur vitnisburður um slíka sigra, þegar dauðans gilda vald sendi sorta sinn yfir hús og hugi Eyjabúa, en blær og bjarmi orðsins frá hinum upprisna Drottni Jesú læknaði sviðann og gerði myrkrið bjart. Nú hefur jarðeldur gert harða atlögu að hinni friðu og gagnsömu byggð og á skömmum tíma valdið miklum umskiptum á yfirbragði Heimaeyjar. Aldrei áður hefur svo fjölmennur hluti þjóðar vorrar orðið fyrir svo skjótri og gagngerri röskun á öllum lífshögum. Og aldrei áður hafa jafn margir Íslendingar bjargast í einu úr bráðum lífsháska eins og varð nóttina minnisstæðu, þegar eldurinn brauzt út og ógnin dundi yfir og enginn gat vitað, hvað verða myndi

næstu stundir. Sú staðreynd getur aldrei gleymzt. Hennar skyldi jafnan minnzt í þökk til þess Guðs, sem hefur vald og vilja til þess að setja öllum ógnum takmörk og ekki sleppir hendi sinni af börnum sínum, hvorki í lífi né dauða.

Ekkert atriði á neinni þeirra mörgu mynda frá Vestmannaeyjum, sem birzt hafa í vetur, er áhrifa-meira og eftirminnilegra en myndin af boganum yfir sáluhliði kirkjugarðsins með orðunum: **Ég lifi og þér munuð lifa.**

Öskuskafllar hafa hrannast yfir leiðin. Ummerki eyðingar og umturnunar blasa við hvar sem farið er um bæinn. Frá fjallinu berast sog og urrandi gnýr, eins og hrikalegt tilbrigði um það þunga stef, sem dauðinn lætur klingja í eyrum vor manna hvar sem vér erum og förum.

En til er sá lífsins máttur, sem ögrar valdi dauðans, það sigurorð,





sem býður dauðanum byrginn: Eg lifi og þér munuð lifa.

Þetta eru orð hans, sem gekk í dauðann á krossi til þess að leysa oss úr kaldri greip hans, dreypa lífsins lyfi í bikar hans, lama eggjar hans og leiða oss út úr öllu myrkri inn í ljós eilífs ríkis síns.

Þetta eru orð hans, sem gekk sigrandi út úr gröf sinni hinn fyrsta páskadag og er síðan með oss alla daga og allar nætur og stefnir fram til þess sigurs, þegar lífið hans, kærleikans eilífa, bjarta ríki ljómar yfir alheimi. Þegar sjálf sólin er slokknud og jörðin útkulnað skar, þá munu standa orðin hans og rísa yfir auðnina: Ég lifi og þér munuð lifa. Og þegar auga þitt daprast af áhyggju, angri og harmi, og þegar það brestur í dauða, þá skal þetta blasa við þér. Þú skalt mæta því orði og því augliti, sem hefur kross elskunnar að auðkenni, þeim frelsara og Drottni, sem er upprisan og lífið.

Guð gefi þér gleðilega upprisu-hátíð!

Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, sem eftir mikilli miskunn sinni hefur endurfætt oss til lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Krists frá dauðum.

**Sigurbjörn Einarsson.**

#### **SAMFÉLAGIÐ**

**Blað Vestmannaeyinga í dreifingunni.**

Ritstjórn og ábm.:

Þorsteinn Lúther Jónsson  
og Karl Sigurbjörnsson.

Prentað í Ingólfsprent.

Þökkum auglýsendum stuðning þeirra og **Brunabótafélagi Íslands** höfðinglegt framlag til útgáfunnar

Bláðinu er dreift ókeypis til Vestmannaeyinga, en öll fjárhagsaðstoð verður þegin með þökkum.

Flestum foreldrum fermingarbarna mun nú vera kunnugt orðið, að ákveðið er að ferma fermingarbörn Landakirkjusafnaðar sunnud. **3. júní** n.k. í Skálholtsdómkirkju. Vikuna á undan langar okkur að hafa samveru með börnunum í Flúðaskóla í Hrunamannahreppi, sem er í ca. 20 km. fjarlægð frá Skálholti. Það er nýr skóli og húsakynni glæsileg og aðstaða öll hin myndarlegasta. Er ekki að efa, að þar muni gefast gott tækifæri til endurnýjunar gamalla kynna. Ætlunin er að nota tímann vel og komast yfir hveruð á þessari viku, en nægur tími mun og verða til iðkunar sunds, kappleikja og gönguferða, enda býður staðurinn upp á ýmsa möguleika í þeim efnum. Á kvöldin verða kvöldvökur, sem börnin munu sjálf annast að mestu, og sameiginlegar kvöldbænir, við varðeld, ef veður leyfir.

Á sunnudeginum verða tvær fermingarathafnir, kl. 13 og kl. 15 og verða ein 50 börn fermd í hvorri. Verður allt gert til að athafnirnar verði sem hátíðlegastar. Miðað verður við stafrófsröð, öll börn með nöfn, sem byrja á A—M í þeirri fyrri, en M og áfram í hinni, en auðvitað verður hliðrað til svo vinir og frændsystkin geti fylgt að.

Eftir messu verður svo kaffi fyrir börnin og kirkjugesti að Flúðum, áður en haldið verður heim. Einnig gæti komið til greina að hafa „kalt borð“ fyrir allan hópinn eftir síðari athöfnina, um þetta væri gott á fá álit foreldra. Einnig munum við stefna þangað ljósmyndurum, svo hægt verði að taka fermingarmyndir á staðnum, ef óskað er.

Því miður verður ekki hægt að koma því við, að mæðurnar geti sjálfar búið börn sín til kirkjunnar. En æskilegt væri, ef samtök gætu orðið um, að 5—10 mæður kæmu austur að morgni sunnudagsins (eða

að kvöldi laugardags — aðstaða er til gistingar), til að aðstoða börnin. Við munum sjá til þess, að hárgreiðslukonur verði á staðnum.

Allt verður þetta kostnaðarsamt, við áætlum, að hvert barn verði að greiða 3000 kr. fyrir mat, ferðir, fermingartoll, kyrtlaleigu, ræstingu o. s. frv. Samt mun Hjálparstofnun kirkjunnar styrkja fyrirtækið og greiða aukakostað.

Og til hvers allt þetta umstang? spyrja sumir. Það er ekki furða, þetta er óvenjulegt. Enda eru aðstæður allar óvenjulegar. En börnin verða að eiga sinn fermingardag hjartan og gleðilegan í minningunni, hvað sem „Surti“ líður. Við munum öll leggjast á eitt að svo verði. Skálholt er helgasti staður þessa lands, og kirkjan þar er fögur og tilkomumikil. Eitt sinn átti hún Vestmannaeyjar, svo ekki er illa til fundið að leita þangað, þegar svo illa stendur á, að söfnuður Landakirkju er tvístraður í útlegð.

Viðbúið er, að ekki munu allir geta tekið þátt í þessu, ýmissa hluta vegna. Við lokum ekki augum fyrir því og viljum koma til móts við þá líka. Því verða nokkur börn fermd í Kirkjubæ, kirkju Óháða safnaðarins í Reykjavík, síðast í apríl eða fyrst í maí. Vitum við þegar um 3—4 börn, sem óskað hafa eftir því, um önnur þyrftum við að fá að vita sem fyrst.

Annars biðjum við alla foreldra fermingarbarna að hafa samband við okkur prestana sem fyrst, er undirritaður í síma 10804 og sr. Þorsteinn í 42083.

Svo að endingu vil ég þakka söfnuði Landakirkju, ungum sem eldri, hlýjar viðtökur og viðmót við okkur hjónin, og við biðjum og treystum, að Drottinn muni snúa erfiðleikum þessara daga til góðs. Hann gefi okkur öllum gleðilega páska.

**Karl Sigurbjörnsson.**

# ÞETTA VERÐUR AÐ BREYTAST

Á erfiðum örlagatímum leggja menn fram ýmsar spurningar, sem ekki er ávallt auðvelt að svara, en eru samt mjög knýjandi og eðlilegar, jafnvel þótt enginn fyrirspyrjandi fái fullnægjandi svar.

Vestmannaeyingar eru vissulega spurulir um þessar mundir, sem ekki er óeðlilegt. Þeir eiga ævistarf sitt og eignir, sem orpnar eru ósku meira eða minna og liggja þær meira og minna undir skemmdum.

Mörg hús hafa hrunið eða lagzt saman eins og spilaborgir, þegar hraunsallinn hefur hlaðizt á þökin og þjappazt að þeim alla vega. Sum hafa brunnið niðri í vikrinum, en í sumum kviknað, þegar glóandi grjótið þeyttist úr gígnum og braut sér leið inn um glugga eða niður í gegnum þökin, enda var þá ekki að sökum að spyrja. Allt brann, sem brunnið gat.

Vissulega voru hér að verki óvenjulegar hamfarir náttúrunnar, enda varð þjóðin öll gripin ótta og skelfingu og komu allir fram við okkur eins og bræður og systur, strax og við stigum í land. Hef ég aldrei fengið jafn höfðinglegar og ríkulegar móttökur eins og við fengum, Vestmanneyingar, daginn þann og dagana þar á eftir. Jafnvel enn, þótt liðið sé hátt á þriðja mánuð, finnur maður hlýjan hug hvarvetna.

Hvar sem komið var hafði verið hafizt handa og efnt til samskota. Söfnuðust þegar stórar fúlgur fjár, ekki einasta hérlandis, heldur og erlendis og meðal fjarskyldustu þjóða. Má í því sambandi minna á, að jafnvel Kínaveldi lét sér umhugað um að hjálpa okkur, þessum fáu bræðrum úti á hjara veraldar.

Það er varla gefið svo út blað síðan þetta gerðist, að ekki birtist fréttir um tugi milljóna, sem safnazt hafa. Hvortveggja kemur þetta fé frá opinberum aðilum og einstaklingum. Mér skilst, að þær gjafir, sem borizt hafa frá opinberum aðilum, renni beint í fjárhirzlu ríkisins eða til bæj-

arsjóðs Vestmannaeyja. Sé ætlazt til, að því fé verði varið til bjargar verðmætum og til aðkallandi uppbyggingar, þegar þar að kemur. Hinn hlutinn skilst mér að eigi að renna til einstaklinganna, sem hver einn einasti hefur beðið mikið afhroð í þessum ósköpum.

Og þegar málin standa svona, er von að spurt sé, hversu háar þessar upphæðir séu, eða hvernig eigi að verja þessum mörgu hundruðum milljóna.

Við þessum spurningum hafa víst engin svör fengizt hjá þeim, sem hafa þessar fjárreiður með höndum. Fólk, sem er að leita sér húsaskjól, fær enga hjálp, enda forðast lánastofnanir sem heitan eldinn að veita Vestmannaeyingum lán, þótt allir aðrir eigi greiðan aðgang að hverjum einasta banka í landinu. En hvers vegna ekki þurfandi Vestmannaeyingar?

Í stað þess að upplýsa þetta og gera hreint fyrir sínum dyrum, hefur bæjarstjórn falið nefnd úthlutunar á pínu-agnarlitlum hluta þessa gjafafjár. Sú úthlutun hefur áreiðanlega verið skorin svo við nögl að tæpast mundi því trúað um nokkra smásál, þegar tekið er tillit til hins ríkulega fjár, sem þegar stendur Vestmannaeyingum til reiðu, eða á að gera það, ef dæma má eftir þeirri samúð og hugarþeli, sem jafnan fylgir hverri gjöf.

Fyrir þessar aðgerðir er mér kunnugt um, að hið ágæta nefndarfólk hefur orðið fyrir barðinu á miskilningi almennings og ýmiss konar sleggjudómum, þrátt fyrir mjög mikið og heilshugar starf. Þannig hefur það verið að ósekju sett á píslarbekk með því að þvinga það til þess að fara eftir óréttlátum fyrirmælum, sem breyttu öllum settum reglum í miðjum klíðum annarrar úthlutunarinnar. Þannig var þessi nefnd þvinguð til að taka að sér hlutverk, sem ráðamennirnir þorðu hvergi nærri að koma.

Þá var og í byrjun þessara vand-ræðatíma allar hendur ríkisstjórnarinnar á lofti. Virtust þær vera tilbúnar að veita okkur Vestmannaeyingum allar bætur, hverju nafni sem nefndust, fyrir allt það tjón, sem kynni að koma fyrir. Það virtist svo sem ekki vera maðkarnir í blöndunni, þegar um þessa duglegu Vestmannaeyinga var að ræða, sem aldrei höfðu heyrt fyrir slíkum og þvílíkum viðurkenningarorðum falið um sig. M. a. s. bauð Seðlabankinn upp á 50 þúsund króna vaxtalaust lán hverjum, sem hafa vildi. Þetta var vinsælt, og margir, sem höfðu þörf fyrir þetta, en þeir voru líka margir, sem áttuðu sig ekki á þessari einstöku rausn og urðu því of seinir að grípa gæsina meðan hún gafst. En sú hátíð stóð nú heldur ekki lengi, því að þegar þetta fyrirbrigði, sem heitir Seðlabanki, sá, hversu vinsælt þetta var, dró hann að sér hendurnar, hræddur og flýjandi af hólmi, enda nýtur nú enginn þessarar fáheyrðu rausar.

Þetta litla blað, sem er óháð öllum stjórn málum, á sjálfsagt að dómi sumra ekki að vera að skipta sér af málum eins og þessum, en hins vegar mun það ekki láta neitt mál afskiptalaust, sem varðar samfélag og samheldni Eyjaskeggja og allar réttlátar kröfur fólksins mun það styðja af heilum hug. Þess vegna er nú þessi grein birt hér, að mér finnst tímabært að rugga ofurlítið við rölegheitum þeirra manna, sem leika sér með fjöregg samborgara sinna mjög svo gáleysislega. En það kalla ég gáleysi, sem stappar nærri ófyrirleitni að loka svo að sér, að ekki verður við þá málum mælandi. — Breytist þetta ekki, veit ég, að þessir háu herrar eiga ekki upp á pallborðið hjá almenningi, enda fyllilega komið á daginn.

Um Viðlagasjóð ræði ég ekki hér, en þar virðist enginn í hvorugan fótinn geta stigið eftir allt loforðagumsið. (Framh. á bls. 7)

## NORRÆNN SAMHUGUR Í VERKI

Í samstarfi og samskiptum þjóða ber oft mest á hagsmunabaráttu og sérhyggju, minna á hugsjónum og samhjálpi. Stundum vakna þjóðir þó til vitundar um, að þjóðarsálin rúmar einnig aðrar kenndir en eigingajrnar og sjálfumgláðar. Ein slíkra stunda hefur runnið upp á Norðurlöndum nú að undanfögnu. Eldgosið í Eyjum og afleiðingar þess hafa sýnt í verki sannan norrænan anda. Yfiu öll Norðurlönd hefur gengið sterkur straumur samúðar og hjálpfýsi. Þjóðarþing og ríkisstjórnir hafa rétt út bróðurhönd yfir hafið og gefið gjafir af mikilli rausn. Stofnanir, félög og fyrirtæki hafa brugðið við af drengskap, og undirtektir almennings í öllum þessum löndum hafa vakið óskipta athygli og aðdáun. Þeir Íslendingar, sem komið hafa til Norðurlanda hinar síðustu vikur, hafa alls staðar orðið varir þessarar hlýju og umhyggju, hvar sem komið er, með fólki úr öllum starfsstéttum. Þessi bréiði, þungi straumur vináttu og samhugar kemur frá hjartans rötum. Hafi einhver efazt um einlægni í norrænni samvinnu, talið hana yfirborðskennda og innihaldslitla, þá mun hin innilega þátttaka þjóða Norðurlanda í erfiðleikum Vestmannaeyja þagga niður þær raddir. Hin fjárhagslega aðstoð er mikilvæg. En kannski er mest um vert að sjá, hvað mikið er gott til í manninum.

**Gunnar Thoroddsen.**  
forseti Norræna félagsins.

### ÞETTA VERÐUR . . .


(Framh. af bls. 6)

Vilji forráðamenn bæjarfélagsins sundra í stað þess að sameina samborgara sína og þjappa þeim saman í samhuga heild, þá er leiðin til þess að halda áfram sömu vinnubrögðunum, sem þeir hafa iðkað í bæjarmálefnum, síðan við komumst í dreifinguna. En við, sem tilheyrum hinum valdalausum, eigum þrátt fyrir það allt undir því, að vel og dyggilega sé haldið á málum okkar. Þess vegna er þetta réttlætiskrafa okkar:

ÞETTA VERÐUR AÐ BREYTAST.

**P. L. J.**

SAMFÉLAGIÐ



## SÖFNUÐUR LANDAKIRKJU

Prestar: sr. Þorsteinn Lúther Jónsson, Hrauntungu 55, Kópavogi. Sími 42083.

Sr. Karl Sigurbjörnsson, Braga götu 16, Reykjavík. Sími 10804.

Formaður sóknarnefndar: Páll Eyjólfsson, Austurvegi 11, Keflavík. Sími 1136.

Meðhjálpari: Þórður Gíslason, Safamýri 42, Reykjavík. Sími 30832.

Organisti: Guðmundur Guðjónsson, Langholtsvegi 128. Sími 35743.

Prestarnir hafa viðtalstíma í herbergi 5, Hafnarbúðum, sími 12811 virka daga kl. 2—5.

Sr. Emil Björnsson, prestur Óháða safnaðarins í Reykjavík, var svo vinsamlegur að þjóða söfnuði Landakirkju afnot af kirkju safnaðarins, Kirkjubæ. Skál það hér með þakkað af heilum hug. Þar hefur verið miðstöð hins dreifða safnaðar. Guðs-

þjónustur hafa verið haldnar þar reglulega annan hvern sunnudag, og tvær föstuguðsþjónustur. Í Keflavíkirkirkju, Hveragerðiskirkju og Selfoskirkju einnig, og þökkum við prestum og forráðamönnum þessara kirkna einnig velvild þeirra og aðstoð alla.

Hjálparstofnun kirkjunnar hefur stutt starf safnaðarins á allan hátt, og einnig hafa borizt fjárframlög frá öllum söfnuðum Kjalarnessprófastsdæmis, og frá Bræðrafélagi Langholtskirkju og Kvenfélagi Hallgrímskirkju og samskotafé frá kirkjuviku Akureyrarkirkju. Þökkum við þessa aðstöð af alhug. Af henni má sjá, að við stöndum ekki ein í erfiðleikum, öll kirkjan vakir með okkur og biður, já, þeir eru margir, sem minnstast okkar í bænum sínum, því megum við ekki gleyma, Vestmannaeyingar.

## Tvö ljóð

eftir Þorstein L. Jónsson

### ANDSPÆNIS

### NÁTTÚRUHAMFÖRUNUM

Orðin svört með sog og læti,  
sóknardjarfa Eyjan mín,  
aska byrgir öll þín stræti,  
eldur gleypir húsin þín,  
hrynja veggir, hníga þök,  
hér við gígsins valdatök,  
með voðalegum eldi í æðum  
alla býr þig sorgarklæðum.

En lífsins Guð æ boðar bætur  
bænarorðum gefur svar,  
í roða dagsbrún rísa lætur  
ríki nýrrar framtíðar:  
bjartir dagar fegra fold,  
frjósöm talar gróður mold,  
sjómenn gláðir sækja miðin,  
sól upp runnin, nóttin liðin.

### AÐ TVEIM MÁNUÐUM LIÐNUM

Eldregnið æðir,  
Eyjunum blæðir,  
eldurinn eyðandi fer.  
Farg-þunginn flæðir,  
faðminum læðir.  
Hrammurinn hrauntingan er.

Storðin hér stynur,  
sterkur er dynur,  
megnar ei mannshöndin neitt  
að hjálpa, er hrynur  
húsið þitt, vinur,  
sem áður var athvarf þitt eitt.

Brakar og brestur,  
bjálki hver gnestur,  
er byltist og bifast þitt hús.  
Vor Guð veri gestur,  
sem í getunni er mestur  
og ætíð til aðgerða fús.



# Slysatrygging SJÓVÁ

Tryggir yður allan sólarhringinn  
Við vinnu - í frítíma - á ferðalögum

Slysatrygging Sjóvá greiðir bætur við dauða af slysförum, vegna varanlegrar örorku og vikulegar bætur, þegar hinn tryggði verður óvinnufær vegna slyss. Slysatrygging Sjóvá er hagkvæm og ódýr.

Dæmi um iðgjöld:

Starf	Dánarbætur	Örorkubætur	Dagp. á viku	Ársiðgjald
Skrifstofumaður	500.000. —	500.000. —	2.500. —	1.500. —
Sölumaður	500.000. —	500.000. —	2.500. —	2.000. —
Prentari	500.000. —	500.000. —	2.500. —	2.535. —
Trésmiður	500.000. —	500.000. —	2.500. —	4.355. —

Aðrar váttryggingarupphæðir eru að sjálfsgöðu fánlegar.

Leitið nánari upplýsinga í aðalskrifstofunni eða hjá næsta umboðsmanni.



**SJÓVÁTRYGGINGARFÉLAG ÍSLANDS** H.F.  
INGÓLFSSTRÆTI 5 — REYKJAVÍK — SÍMI 11700